

# Jafnréttisáætlun

Með jafnréttisáætlun vill leikskólinn Arnaberg sjá til þess að hver einstaklingur sé metinn á eigin forsendum og fyllsta jafnræðis sé gætt milli allra starfsmanna þess. Þannig eykst starfsánægja þeirra og tryggð.

## Stefnumið

- Að nýta mannauð leikskólans.
- Gæta jafnvægis milli starfs og einkalífs.
- Gæta jafnræðis við ráðningar starfsmanna í leikskólanum ef kostur er.
- Skapa góða ímynd og sterka fyrirmynd í leikskólastarfi.
- Einelti og kynferðisleg áreitni verður ekki liðin í leikskólanum.

## Markmið

- Að Starfsmönnum verði kennt að setja sér markmið um árangur í starfi og starfsþróun.
- Að Stjórnendur dreifi ábyrgð og hvetji starfsmenn til að sýna frumkvæði.
- Að Stjórnendur hafi hagsmuni leikskólanum að leiðarljósi við ákvörðun um starfsþróun.
- Í starfsauglýsingum leikskólans verði allir einstaklingar, óháð kyni og búsetu hvattir til að sækja um og fram komi að unnið sé eftir jafnræðisáætlun.
- Við skipan í nefndir, ráð á vegum leikskólans verði jafnræðis gætt.
- Jafnræðisáætlunin verði sýnileg, innan sem utan leikskólans.
- Leikskólinn veitir starfsmönnum tækifæri til að þroskast í starfi og auka þekkingu sína.
- Leikskólinn leggur áherslu á að starfsmenn búi við gott og öruggt starfsumhverfi.
- Allir starfsmenn verði meðvitaðir um að einelti og kynferðisleg áreitni verður ekki liðin.
- Boðleiðir vegna slíkra mála verði öllum sýnilegar og aðgengilegar.

Markmið leikskólans Arnabergs með gerð jafnréttisáætlunar er að tryggja jafna stöðu kynjanna eins og getið er um [í lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 96/2000](#). Það er markmið leikskólans að allir starfsmenn þess njóti sömu virðingar og hafi jöfn tækifæri til starfsframa hvort sem um ræðir karl eða konu.